

Samstarf leikskóla og grunnskóla í Árborg

Október	* Nemendur í 1. bekk grunnskóla fara í heimsóknir í gamla leikskólann sinn. Stefnt skal að fyrstu viku októbermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
Nóvember	* Önnur heimsókn nemenda 1. bekkjar grunnskóla í gamla leikskólann sinn. Heimsóknin fer fram í síðustu viku nóvembermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
Janúar	* Elstu börnin í leikskólunum koma í heimsókn í skólana. Fá að skoða grunnskólann og skólavistun. Allir leikskólarnir á Selfossi heimsækja báða grunnskólana.	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskólanna.
Janúar til mars	* Samstarf hefst hjá Álfheimum, Árbæ og Vallaskóla annars vegar og Hulduheimum, Jötunheimum og Sunnulækjarskóla hins vegar. Samstarf er einnig hjá Brimver, Æskukot og BES. * Elstu leikskólabörnin koma í heimsóknir í grunnskólana, fá að horfa á sundkennslu og taka þátt í íþróttum og öðrum tímum.	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskóla um fyrirkomulagið og tíðni heimsókna. Leikskólakennarar geta haft beint samband við íþrótt- og sundkennara.
Mars	* Innritun leikskólabarna í grunnskólann. Foreldrar sækja um rafrænt inn á Mín Árborg. * Bréf um Vorskólann er sent til foreldra og leikskólanna.	Deildarstjóri grunnskóla sendir bréfið til foreldra. Einnig er bréfið sent til tengiliðs leikskólanna ásamt skipulagið fyrir Vorskólann.

Apríl	* Vorskólinn fer fram. Fyrsta daginn koma börnin í fylgd foreldra í tveimur hópum í skólaheimsókn. Skólastjórnendur taka á móti börnunum og foreldrum, ganga með þeim um skólann og skoða hann. Annan og þriðja daginn fylgja leikskólakennarar börnunum í skólann. Þær heimsóknir fara fram eftir hádegi þar sem starfsmenn grunnskólans taka á móti þeim. * Endurmat á skipulagi Vorskólans fer fram í tölvupósti.	Deildarstjórar grunnskólanna halda utan um skipulagið fyrir vorskólann.
--------------	---	---